

24
7. maí

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

25
7. maí

L Ö G

um

viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

- a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf, enda sitji þeir fyrir inngöngu í eldri deild skólans, sem lokið hafa 8 vikna jarðyrkjunámi,
- b. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir,
- c. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerða hans, sem nauðsynlegar eru,
- d. að hafa undirbúningsdeild í þjóðlegum fræðum, ef húsrúm leyfir.

2. gr.

25

Landsstjórninni heimilast að láta a-lið 1. gr. einnig koma til framkvæmda við bændaskólann á Hvanneyri. 7. maí

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

26

um

7. maí

heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og vinnuhæli.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni skal heimilt að verja af ríkisfje alt að 100 þús. kr. til að undirbúa og láta reisa betrunarhús og vinnuhæli, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæpingjar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.